

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt sam- **163**
kvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til að 30. júlí
öðlast gildi 1. september 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að
máli. Jafnframt er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 60 frá
17. ágúst 1923, og breytingar á henni frá 12. maí 1930 og 4. júní 1934.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

164
6. ágúst

um náttúrurannsóknir erlendra vísindamanna á Íslandi.

1. gr.

Engum útlendingum er heimilt að stunda náttúrufraeðilegar vísindaiðkanir á Íslandi, nema að fengnu rannsóknarleyfi, sem ríkisstjórn Íslands gefur út.

2. gr.

Umsóknir um rannsóknarleyfi skulu sendar til rannsóknaráðs ríkisins, sem gefur um þær skriflega umsögn til ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Umsókn skal fylgja ýtarleg greinargerð um fyrirhugaða rannsóknarstarfsemi, þar sem meðal annars séu tilgreind tæki þau, sem nota á. Nöfnum umsækjenda skulu fylgja upplýsingar um þjóðerni, menntun og fyrri störf við svipuð verkefni og fyrirhuguð eru á Íslandi. Æskilegt er að umsóknum fylgi einnig hæfnisvottorð frá þekkttri vísindastofnun.

4. gr.

Rannsóknarleyfi eru yfirleitt ekki veitt nema vel hæfum vísindamönnum. — Rannsóknarleyfi er jafnan bundið við ákveðið svæði og ákveðinn tíma. Leyfi er ekki veitt til rannsókna á þeim verkefnum, sem íslenzkir vísindamenn hafa með höndum eða ætla að taka fyrir í náinni framtíð. Rannsóknirnar ber að framkvæma á þann hátt, að ekki hljóti af spjöll á náttúru landsins, og að ekki sé gengið á lögmætan rétt landeigenda. Leyfi til að skjóta fugla eða veiða þá á annan hátt verða ekki veitt nema um brýna nauðsyn sé að ræða. Sama gildir og um söfnun eggja. Leiðangursmenn skulu gæta þess að halda friðunarlögin og önnur landslög. Ný staðarnöfn má ekki nota á landabréfum eða í prentuðu máli, nema leyfi ríkisstjórnarinnar komi til.

5. gr.

Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi rannsóknaráðs, og aðeins með því skilyrði, að náttúrugripasafninu í Reykjavík sé gefinn kostur að að velja úr þá gripi, er það telur sig hafa þörf fyrir.

6. gr.

Erlendir vísindaleiðangrar skulu jafnan vinna að rannsóknum sínum í samráði við einhvern íslenzkan aðila, sem rannsóknaráð tilnefnir. Skal öll tilhögun rannsóknanna rædd við þann aðila og hann látinn fylgjast með gangi rannsókna.

164

6. ágúst

Strax að rannsóknum loknum og áður en leiðangurinn yfirgefur landið skal rannsóknaráði afhent bráðabirgðagreinargerð um rannsóknirnar með nöfnum leiðangursmanna og tilgreiningu þeirra staða, sem heimsóttir hafa verið.

7. gr.

8. gr.

Þegar unnið hefur verið úr rannsóknunum, skal rannsóknaráði send fullnaðarskýrsla. Einnig skulu rannsóknaráði send tvö eintök af öllum greinum, bókum eða kortum, sem gefin eru út varðandi starfsemi leiðangursins.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sviptingu rannsóknaleyfis og fjársektum samkvæmt því, sem lög mæla fyrir um.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

165

21. júlí

REGLUGERÐ

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 7 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgöngumálaráðuneytisins.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með, að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Óheimilt er að taka gjaldmæli í notkun, eftir að hann hefur verið settur í bifreiðina, fyrr en löggilding hefur farið fram á mælinum, sbr. 8. gr.

Ef skipt er um drif, breytt hjóla- eða gúmmístærð bifreiðar, skal endurskoða löggildingu mælisins.

Skoðun á gjaldmælum skal fara fram svo oft sem lögreglustjóra þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Löggildingarmaður gefur vottorð að löggildingu lokinni.

3. gr.

Gjaldmælirinn skal settur þannig í bifreiðina, að farþegar sjái glögg upp hæð ökugjalds á gjaldskífu mælisins.

4. gr.

Verði þær verðsveiflur á ökugjaldi bifreiða, að erfitt sé að breyta mælinum samkvæmt því, þá skal vera verðskrá í hverri bifreið, sem sýni greinilega verðbreytinguna.

5. gr.

Heimilt er að aka án gjaldmælis:

1. Ef mælir bilar í ökuferð, enda er bifreiðastjóra einungis heimilt að ljúka ferðinni. Þó getur lögreglustjóri veitt frekari undanþágu, ef sérstaklega stendur á.